



Reglur um stoðþjónustu/liðveislu í Kjósarhreppi

1. Liðveisla heitir nú stoðþjónusta.

I. Kafli - Markmið, hlutverk og skipulag stoðþjónustu

1. gr. Markmið stoðþjónustu

Markmið stoðþjónustu er að efla viðkomandi til sjálfshjálpar, veita honum/henni persónulegan stuðning og aðstoð sem einkum miðar að því að rjúfa félagslega einangrun t.d. aðstoð til að njóta menningar og félagslífs. Einnig í sérstökum tilvikum með frekari stoðþjónustu að koma í veg fyrir dvöl á stofnun.

2. gr. Réttur til stoðþjónustu

Heimilt er að veita stoðþjónustu þeim sem eru fatlaðir eins tilgreint er í lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks, stoðþjónusta er fyrir fatlað fólk frá aldrinum 6 ára, með lögheimili í Kjósarhreppi, sem þarf persónulegan stuðning og aðstoð til að rjúfa félagslega einangrun. Stoðþjónusta er ekki veitt einstaklingum sem búa í búsetuúrræðum þar sem veitt er sólarhringsþjónusta.

Ennfremur má veita stoðþjónustu börnum á aldrinum 6-17 ára sem hafa vægari þroskaraskanir samkvæmt 24.gr. laga nr. 59/1992 og uppfylla ofangreind skilyrði um félagslega einangrun, glíma við vandamál sem gerir þeim erfitt fyrir um tengsl og félagsleg samskipti s.s. börn með ADHD/ ofvirkni og athyglisbrest, einhverfu eða glíma við félagslega einangrun.

Liggja skal fyrir greining frá Greiningarstöð ríkisins, Svæðisskrifstofu fatlaðra, geðlæknum eða öðrum sérfræðingum eftir því sem við á.

3. gr. Stjórn og yfirumsjón

Fjölskyldunefnd Mosfellsbæjar fer með stjórn stoðþjónustu á vegum sveitarfélagsins og hefur framkvæmdarstjóri fjölskyldusviðs yfirumsjón með stoðþjónustu.

4. gr. Samþætt þjónusta

Stoðþjónusta er hluti af samþættri þjónustu við fatlað fólk á vegum fjölskyldusviðs Mosfellsbæjar.

Starfsmaður sviðsins leggur mat á þörf fyrir þjónustu og leggur tillögu þar um fyrir trúnaðarmálanefnd sem tekur ákvörðun innan ramma gildandi reglna, sem Kjósarhreppur hefur staðfest.

Ákvarðanir um þjónustu og fyrirkomulag eru settar í þjónustusamning sem er undirritaður af starfsmanni fjölskyldusviðs og liðveitanda.

Starfsmaður sviðsins sem hefur umjón með liðveislu sér um ráðingu starfsmanna, annast fræðslu og þjálfun þeim til handa, fer með daglega stjórn á starfseminni og veitir liðveitendum ráðgjöf.

II. Kafli - Framkvæmd þjónustunnar

5. gr. Umsókn um stoðþjónustu

Umsókn um stoðþjónustu skal vera skrifleg, umsóknarform er hægt að nálgast á heimsíðu Mosfellsbæjar www.mos.is. Í umsókn skulu koma fram upplýsingar um umsækjanda svo og maka ef



Það á við. Upplýsingar sem óskað er eftir eru m.a. um persónulegar aðstæður og lögheimili. Þá skal umsækjandi jafnframt leggja fram vottorð sérfræðings sem staðfestir þörf umsækjanda fyrir þjónustuna. Í vottorðinu skal koma fram eðli fötlunar sbr. 2. gr. þessara reglna. Umsækjandi getur veitt öðrum skriflegt umboð til að sækja um fyrir sína hönd.

Í sérstökum tilfellum og við endurnýjun umsóknar getur félagsmálanefnd aflað þessara gagna skriflega eða með símatáli við sérfræðing með samþykki umsækjanda.

6. gr. Skilgreining á fötlun og þjónustu

Starfsmaður fjölskyldusvið sem hefur umsjón með stoðþjónustu metur þörf fyrir stoðþjónustu á grundvelli umsóknar. Stoðþjónusta samkvæmt reglum þessum er tvenns konar:

1. Mikil fötlun, það er að segja einstaklingur sem er alfarið háður hjálp annarra og skal stoðþjónusta vera 16-20 klst. á mánuði.
2. Minni fötlun og skal stoðþjónusta vera mest 10-14 klst. á mánuði.

7. gr. Tímabil samþykktar

Samþykktir um stoðþjónustu skulu vera tímabundnar. Fyrsta samþykkt skal að jafnaði vera til sex mánaða. Þá skal umsókn metin að nýju og samþykkt, ef ástæða þykir til. Endurnýjuð samþykkt skal að hámarki vera til tveggja ára.

8. gr. Kostnaður vegna stoðþjónustu

Notandi þjónustunnar greiðir sjálfur eigin útlagðan kostnað en greitt er fyrir liðveitanda gegn viðurkenndum reikningum.

III. Kafli - Málsmæðferð, málsskot og gildistími reglna

9.gr. Málsmæðferð og málskot

Málsmæðferð skv. reglum þessum fer að ákvæðum málsmæðferðarreglna stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

10. gr. Rökstuðningur synjunar

Ef umsókn er synjað fær umsækjandi skriflegar upplýsingar þar sem forsendur synjunar eru rökstuddar.

11.gr. Áfrýjunarákvæði

Umsækjandi um stoðþjónustu getur áfrýjað ákvörðun trúnaðarmálafundar fjölskyldusviðs til félagsmálanefndar Kjósarhrepps og skal það gert skriflega innan fjögurra vikna.

12. gr. Álitsumleitan

Í samræmi við 3.gr. laga um málefni fatlaðra nr. 59/1992 hefur velferðaráðuneytið með yfirstjórn í málefnum fatlaðs fólks.

Umsækjandi sem er ósáttur við ákvörðun félagsmálanefndar Kjósarhrepps getur því leitað til úrskurðanefndar félagsþjónustu og húsnæðismála.

13. gr. Gildistími

Reglur þessar eru settar samkvæmt lögum sveitarfélaga nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks.

Samþykkt á fundi hreppsnefndar Kjósarhrepps þann 02.04.2019 og öðlast þegar gildi.